

ÁHERSLUVERKEFNI 2025

Tillaga lögð fyrir stýrihóp Stjórnarráðsins um byggðamál

Landshluti: Suðurnes

Skiladagur: 1. apríl 2025

Heiti verkefnis	Nærandi samstarf – Samvinna fyrir sjálfbæra framtíð á Reykjanesi
Númer verkefnis¹	2025-6
Markmið <i>hámark 40 orð</i>	Að efla samstarf fyrirtækja á Reykjanesi og Suðurnesjum innan ferðapjónustu og tengdra greina með skipulögðum samningum og samstarfsvettvangi sem styður sjálfbæra þróun, vöruþróun, nýsköpun og samfélagslega ábyrgð.
Stutt verkefnislýsing <i>hámark 250 orð</i> (mikilvægt er að verk- og kostnaðaráætlun séu gerðar fyrir öll verkefni)	<p>Verkefnið miðar að því að formgera og þróa samstarf á milli Markaðsstofu Reykjanes, Reykjanes Geopark og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum. Markmiðið er að fyrirtæki á svæðinu geti orðið virkir samstarfsaðilar í fjölbreyttum verkefnum sem snúa að ferðapjónustu, umhverfismálum, byggðapróun, nýsköpun og fjárfestingum.</p> <p>Unnið verður að gerð samstarfssamninga sem stuðla að aukinni verðmætasköpun og samkeppnishæfni svæðisins. Lögð verður áhersla á sjálfbærni og samfélagslega ábyrgð, þar sem fyrirtæki skuldbinda sig til að vinna að lausnum sem stuðla að sjálfbærri ferðapjónustu og uppbyggingu svæðisins.</p> <p>Samstarfið verður formfest með siðareglum, samfélagssáttmála og sjálfbærnistefnu sem fyrirtæki skuldbinda sig til að fylgja. Í framhaldi verður hugað að innleiðingu á CSI-vísi fyrir sjálfbæra ferðapjónustu.</p> <p>Til að tryggja samstarfið og þróun þess verða haldnir reglulegir samstarfsaðilafundir þar sem aðilum gefst tækifæri á að þróa og hafa áhrif á áherslur verkefna hverju sinni og frekari styrkingar á samstarfsvettvanginum.</p>

¹ Æskilegt er að verkefni beri raðnúmer sem helst óbreytt sé verkefnið framlengt eða að heiti þess breytist. Með því móti verði hægt að rekja feril einstakra verkefna frá ári til árs.

Málaflokkur²	Ferðapjónusta, byggðapróun, nýsköpun og umhverfismál <ul style="list-style-type: none"> • Atvinnuvegaráðuneytið • Innviðaráðuneytið. • Umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið.
Framkvæmdaraðili	Markaðsstofa Reykjaness í samstarfi við Reykjanes Geopark og Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum
Samstarfsaðilar	<ul style="list-style-type: none"> • Sveitarfélög á Suðurnesjum • Fyrirtæki í ferðapjónustu og tengdum greinum • Ferðamálastofa • Stofnanir sem styðja nýsköpun og verðmætasköpun
Lokafurð hámark 50 orð (hver verður lokaafurð verkefnisins, hver verður ávinningur samfélagsins?)	<ul style="list-style-type: none"> • Skýrir og formfastir samstarfssamningar • Verkferlar og ferlar fyrir sjálfbærnivegferð fyrirtækja • Sjálfbærnistefna og siðareglur • Uppbygging sterkari innviða fyrir samstarf á svæðinu
Upphaf og lok verkefnis	Janúar 2025 – Desember 2027
Heildarkostnaður (hvert ár á verkefnatíma)	6.000.000 kr. heildarkostnaður 2.000.000 kr. á ári 2025-2027
Framlag úr sóknaráætlun (árið 2025 og á hverju ári eftir það, ef við á)	1.500.000 kr fyrir árið 2025 1.500.000 kr fyrir árið 2026 1.500.000 kr fyrir árið 2027
Mótframlag (ef við á)	Mótframlag samstarfsaðila Ferðamálastofa
Tengsl við meginmarkmið sóknaráætlunar	<ul style="list-style-type: none"> • Styðja við sérhæfingu og nýsköpun sem byggir á styrkleikum og þekkingu Suðurnesja. • Samhæfa stefnu og markaðssetningu fyrir öflugra atvinnulíf. • Efla heildstætt tilboð þjónustu og upplifunar fyrir ferðamenn.
Tengsl við aðrar opinberar áætlanir (ef við á)	<ul style="list-style-type: none"> • Áfangastaðaáætlun Reykjaness • Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun • Sóknaráætlun Suðurnesja
Tengsl við Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	<ul style="list-style-type: none"> • Markmið 8 – Góð atvinna og hagvöxtur: Skapandi samstarf og sjálfbær verðmætasköpun í ferðapjónustu. • Markmið 9 – Nýsköpun og uppbygging: Stuðningur við þróun nýrra lausna og innviða á svæðinu. • Markmið 11 – Sjálfbærar borgir og samfélög: Samfélagsábyrgð í ferðapjónustu, verndun menningar og náttúru. • Markmið 12 – Ábyrg neysla og framleiðsla: Sjálfbærnistefna fyrirtækja og minni umhverfisáhrif. • Markmið 17 – Samstarf um markmiðin: Sameiginleg vinna fyrirtækja, stofnana og sveitarfélaga að sjálfbærum lausnum.

² Mikilvægt er að tilgreina málaflokk og ráðuneyti, svo það fari ekki milli mála hvaða fulltrúi í stýrihópi Stjórnarráðsins um byggðamál á að fá áhersluverkefnið til skoðunar.

